



REGLUR UM NIÐURGREIÐSLU VEGNA DVALAR BARNA HJÁ DAGFORELDRUM

1. gr.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu vegna dvalar barns hjá dagforeldri er að barn eigi lögheimili á Akranesi, foreldri hafi fasta búsetu á Akranesi og hafi gildan dvalarsamning við dagforeldri og Akraneskaupstað. Dagforeldri skal hafa leyfi til daggæslu frá sveitarfélaginu. Niðurgreiðslurnar eru greiddar ellefu mánuði á ári. Dagforeldrar eiga val um hvort greiðsla á sumarmánuði falli til í júlí eða ágúst. Greitt er fyrir fram, fyrsta virka dag hvers mánaðar, í fyrsta skipti vegna barns foreldra í sambúð við 11 mánaða aldur barns og vegna barns einstæðra foreldra við 6 mánaða aldur barns.

2. gr.

Gera skal þríhliða vistunarsamning staðfestan af foreldri, dagforeldri og umsjónarmanni Akraneskaupstaðar. Undirritaður dvalarsamningur af foreldri og dagforeldri þarf að hafa borist umsjónarmanni Akraneskaupstaðar eigi síðar en 20. dag fyrsta greiðslumánaðar.

3. gr.

Fullgildur dvalarsamningur gildir sem umsókn um niðurgreiðslu og fer niðurgreiðslan til dagforeldra samkvæmt gjaldskrá Akraneskaupstaðar. Niðurgreiðslurnar eru greiddar frá þeim tíma sem umsókn liggur fyrir og eru ekki greiddar aftur í tímann.

4. gr.

Þegar barn hefur verið lengur en mánuð hjá dagforeldri er gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Uppsögn skal gerð á þar til gerðu eyðublaði. Einnig skal foreldri tilkynna umsjónarmanni Akraneskaupstaðar um uppsögnina. Sé um fyrirvaralaus uppsögn að ræða á samningnum af hálfu dagforeldris skal forráðamaður fá endurgreitt fyrir þann tíma sem er ónýttur. Einnig skal endurgreiða framlag Akraneskaupstaðar. Sé um fyrirvaralaus uppsögn af hálfu forráðamanns, skal greiða dvalargjald út uppsagnarfrestinn.

5. gr.

Þeir foreldrar sem kaupa vistun hjá dagforeldrum í 4 – 8 klukkustundir á dag fá niðurgreiðslu og getur greiðslan hæst orðið kr. 70.000 á mánuði fyrir 8 klst. daglega vistun fyrir hvert barn. **Aukagreiðsla vegna fjölbura/systkina hjá dagforeldrum nemur 50% af ákvarðaðri niðurgreiðslu upphæð og getur greiðslan hæst orðið kr. 35.000 á mánuði fyrir 8 klst. daglega vistun fyrir systkini tvö og þrjú.** Við niðurgreiðslu til dagforeldra er tekið hlutfallslegt mið af dvalarstundum barns. Upphæð niðurgreiðslu er endurskoðuð ár hvert við gerð fjárhagsáætlunar.

6. gr.

Þeir foreldrar sem eru með gildan dvalarsamning við dagforeldri og Akraneskaupstað og kaupa vistun í 4 – 8 klukkustundir vegna barna sem náð hafa innritunaraldri á leikskóla sem ákvarðaður er ár hvert, fá greiddar viðbótar niðurgreiðslur þar til leikskólapláss hefur verið tryggt. Viðbótarniðurgreiðslan getur að hámarki orðið kr. 35.000,- á mánuði fyrir 8 klukkustuna vistun. **Aukagreiðslu vegna fjölbura/systkina hjá dagforeldrum nemur 50% ákvarðaðri niðurgreiðslu upphæð og getur greiðslan hæst orðið kr. 17.500 á mánuði fyrir 8 klst. daglega vistun fyrir systkini tvö og þrjú.** Greiðslur koma til framkvæmda þann mánuð sem barn nær innritunaraldri.

**7. gr.**

Foreldrar sem kaupa vistun hjá dagforeldrum fá afslátt af dvalargjaldi leikskóla eða frístundaheimilis ef þeir eru með börn samtímis í leikskóla eða frístund.

8. gr.

Niðurgreiðslur falla ekki niður vegna tilfallandi veikinda / vegna veikinda dagforeldris í allt að 10 daga á dvalarsamningstíma, ágúst til júní.

9. gr.

Niðurgreiðslurnar til foreldra eru skattfrjálsar en framtalsskyldar.

10. gr.

Dagforeldrum er heimilt að taka leyfi frá daggæslunni einn dag á ári sem nýtist til endur- og símenntunar án þess að niðurgreiðslur skerðist.

11. gr.

Dagforeldri ber að tilkynna foreldrum og umsjónarmanni Akraneskaupstaðar um lokun umfram 10. gr. eigi síðar en 20. dags mánaðar áður en leyfi hefst þannig að til lækkunar á niðurgreiðslu komi í þeim mánuði er umframlokun á sér stað.

12. gr.

Dagforeldri ber að sjá um að skila umsjónarmanni Akraneskaupstaðar yfirliti yfir þau börn sem eru í dvöl hjá viðkomandi í mánuðinum fyrir 20. hvers mánaðar, jafnframt þarf að skila inn uppsögn á dvalarsamningi á þar til gerðu eyðublaði.

13. gr.

Ef dagforeldri fær of greitt framlag af einhverjum ástæðum áskilur Akraneskaupstaður sér rétt til að lækka framlag til dagforeldris sem því nemur við næstu greiðslu eða krefjast endurgreiðslu.

14. gr.

Þegar dagforeldri innritar barn til dvalar vegna þess að annað barn hættir dvöl, vegna úthlutunar leikskólaláss hjá Akraneskaupstað, er greiddur styrkur til dagforeldris að upphæð kr. 30.000 til þess að mæta þeirri aðlögun sem hvert barn þarfnast í upphafi dvalar á starfstíma utan haustinntöku.

Akraneskaupstaður áskilur sér rétt til að upplýsa dagforeldri með rafrænum hætti um að barn í daggæslu hafi fengið úthlutað leikskólalássi. Tilkynningin er eingöngu til að upplýsa dagforeldri. Foreldri ber að segja upp samningi með formlegum hætti sbr. 4.gr. reglnanna.

15. gr.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara reglna er hægt að vísa málinu til úrskurðar skóla- og frístundaráðs Akraness.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2023

Þá greiðist 70.000. fyrir fyrsta barn og $70.000+35.000 = 105.000$ fyrir annað og þriðja barna hjá dagforeldrum

Samtals fyrir tvö börn 175.000

Þá greiðist 35.000. fyrir fyrsta barn og $35.000+17.500 = 52.500$ fyrir annað og þriðja barna hjá dagforeldrum

Samtals fyrir tvö börn 87.500





Samtals hækkun á niðurgreiðlu kr. 52.500,- fyrir barn tvö/þrjú

Samþykkt í skóla- og frístundaráði 7. desember 2022.

Samþykkt í bæjarráði þann 8. desember 2022.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 13. desember 2022.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

